

Efla hf
Ólafur Árnason
Höfðabakka 9
110 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 27. júní 2013
Tilvísun: UST20130600178/bs


Efnistökusvæði í landi Fróðár, Snæfellsbæ. Umsögn


Vísað er til bréfs Verkfræðistofunnar Eflu hf dags. 14. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirhugaða efnistöku á Fróðárrifi, neðan Bugsvatna. Talið er að fyrirhugað efnistökusvæði sé ekki innan svæðis nr.223 á náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin hefur þegar sent umsögn um umrædda efnistöku að beiðni Húss og skipulags ehf. Þar benti stofnunin á að æskilegt væri að afla upplýsinga um hvort hætta væri á að efnistaka allt að 45.000 m³ gæti valdið landbroti. Í því sambandi var bent á að slíka sérfræðipækkingu væri líklega að finna hjá Siglingastofnun eða Vegagerðinni. Umhverfisstofnun vill benda á að umrædd efnistaka er fyrirhuguð í fallettu umhverfi. Því er jákvætt að gert sé ráð fyrir að efnistaka fari ekki fram að sumarlagi þegar ferðamenn eru hvað fjölmennastir á Snæfellsnesi.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda efnistöku.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur